

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Bjargar Kristófersdóttur, f. 22. des. 1886 - d. 9. mars 1971, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. mars 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Bjargar Kristófersdóttur, f. 22 des. 1886 - d. 9. mars 1971.

1. gr.

Sjóður þessi er gefinn af Þorgeiri Kristni Jónssyni, f. 24. mars 1898, til minningar um konu hans og heitir Styrktarsjóður Bjargar Kristófersdóttur, f. 22. des. 1886— d. 9. mars 1971.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — sem gefið er af eiginmanni hinnar látnu, Þorgeiri Kristni Jónssyni, f. 24. mars 1898, sem nú dvelur að Hrafnistu, Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera ævinlega í umsjá Ásprestakalls í Reykjavík og afhentur því. Hann skal og hlýta forsjá safnaðarnefndar þess prestakalls, að því leyti, sem skipulagsskrá þessi leyfir. Reikningur sjóðsins skal lesinn upp endurskoðaður á safnaðarfundi árlega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þjónandi sóknarprestur Ásprestakalls og einn af afkomendum áðurgreindra hjóna, hinn fyrsti er Júlíus Gunnar Þorgeirsson. Þegar hann andast skal þjónandi sóknarprestur tilnefna annan niðja að höfðu samráði við aðra niðja hjónanna.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að veita fátækum fjárstyrk, eða að hjálpa fólki, sem orðið hefir fyrir tjóni af völdum slysfara eða á annan hátt. Úr sjóðnum má þó verja fé til styrktar Áskirkju, með samþykki þess niðja hjónanna, sem í stjórn er.

6. gr.

Sjóðinn skal stjórnin varðveita eftir því, sem hægt er í verðtryggðum skulda- bréfum eða á annan verðtryggan hátt.

7. gr.

Auk þess, sem áður getur, skal stjórn sjóðsins freista að afla honum aukins fjár, t. d. með útgáfu minningarspjalda, sem m. a. verði höfð á boðstólum við útfarir.

8. gr.

Úthluta má árlega helmingi af tekjum sjóðsins, þó ekki fyrr en eftir tíu ár frá sjóðsstofnun. Það sem fram yfir verður árlega úthlutun skal leggja við höfuðstólinn. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. júní 1974.

Þorgeir Kristinn Jónsson.